

Akropolis og Öskjuhlíð.

I.

I hvert skifti sem mér kemur fyrir augu — eins og við i kvöld í „Visi“ — mynd af Akropolis og Áþenuborg þar fyrir neðan, horfi eg á og verð hugi um brið. Svo margar er þar að minnast. Þarna má til tignarlegar ennþá, rústir þeirra kníldarverka, sem allt fram á þenna dag, hefir að sumu leyti, ekki verið við jafnast. Og hvað var svo þetta? Sambandsstöð var það, gerð til þess að nú sambandi við þær æðri verur, aem Gríkkir trúðu á og treystu við hamingju sina og menningu. En stó vor hin dýpstá rót þess að hamingjan brást og hin glæsilega menning föll i rústir, að Gríkkir gerðu sér svo rangar og ónógar bugmyndir um þessar æðri verur, og náðu þess vegna aldrei svo fullkomnu sambandi við þær, að um örugga framfarameiningu gæti orðið að ræða.

II.

Grísk menning var svo merkileg, að t. d. ritannilliegurum Georg Brandes, sem var þó eins og kunnugt er, Gyðingur að icci, hefir komist fannig að orði: Það er ekki Gyðingaland heldur Gríkkland, sem er landið helga. Tek eg fúslega undir síðari hluta þessarar setningar, þó að eg samanini ekki fyrri hlutanum. Því að það eru fleiri lönd helg en eitt. Ísland er eitt landið helga. Og inni á Öskjuhlíð getur höfuðborg vor eignast þá háborg, sem jafnvel frægari verði en frægasta háborgin grískar. Því að sú háborg mun aldrei i rústir falla, eða öllu heldur, það sem upp af henni mun vafa. En það sem þar mun koma fyrst, verður aðeins visir þess sem scíma kemur, visir af rétti rót, rót bins eilifa, slífrjóva sannleika.

III.

Fyrir skónumu var eg að lesa, eða öllu heldur, lesa aftur, hinn merkilegu bók Vilhjálms P. Gíslasonar um Eggert Ólafsson. Er þar vel vakin eftirtekt á því (s. 378—79) hversu rétt Eggert befir grunab ùm framtíð Reykjavíkur, og hversu fagurlega haon spáir um gullaldir sem þjóðin eigi í vændum. Tel eg á því engan vafa, að jafnvel framar gæti orðið en Eggert befir orðið fyrir, og þrátt fyrir allan sorta, hygg eg að svo mun verða. Og fagurt mun verða að lita upp til háborgarinnar á Öskjuhlíð af Íslavelli þeim sem þar á að verða fyrir neðan, og svo mjög mun auka höfuðborginni velmegin.

6.—7. 1. '36.

Helgi Pjeturss.
